



STOFNUN ÁRSINS BORG OG BÆR 2012



STARFSMAFFÉLAG
REYKJAVÍKURBORGAR



Happdrættið

Launakönnun Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar er nú lokið og viljum við þakka þeim félagsmönnum sem gáfu sér tíma til þess að svara henni. Dregin hafa verið út númer í happadrættinu þar sem veittir eru glæsilegir ferðavinningar.

Happadrættisnúmer var í könnuninni, ef númer hefur tapast er hægt að fá upplýsingar hjá: tomas.bjarnason@capacent.is .

Eftirtaldar tölur komu upp:
**100.977, 610.728, 603.267,
 114.163, 122.587, 151.207,
 117.853, 91.661, 610.340,
 201.961, 203.828, 300.444,
 110.047, 121.381, 70.138**

Mögulega leynast vinningshafar þarna úti og því minnum við þá sem ekki hafa enn athugað númerin á sínum miða á að skoða hann vel.

Stofnun ársins – sérrit

Ábyrgðarmaður:

Jakobína Þórðardóttir

Umsjón:

Sólveig Sigr. Jónasdóttir
 Grettisgötu 89, 105 Reykjavík
 Sími: 525 8330
 Netfang: strv@bsrb.is
 Veffang: strv.is
 Skrifstofan er opin
 mán.- fös. kl. 9:00-16:00

Umbrot og prentun:

Guðjón Ó – vistvæn prentsmiðja
 Forsíða: Ágústa Þórðardóttir
 ISSN númer 1670-5874



Stofnanir ársins 2012

Val á Stofnun ársins og Fyrirtæki ársins er samvinnuverkefni St.Rv., SFR stéttarfélags og VR. Könnunin er ein stærsta reglulega vinnumarkaðskönnun sem framkvæmd er hér á landi og gefur mikilvægar upplýsingar um stöðu starfsmanna á vinnumarkaði. VR hefur útnefnt Fyrirtæki ársins í 16 ár en SFR hefur staðið fyrir vali á Stofnun ársins síðastliðin 6 ár.

St.Rv. velur nú „Stofnun ársins – Borg og Bær“ í fyrsta sinn. Stærsti hópur félagsmanna starfar hjá Reykjavíkurborg, en auk þess starfa félagsmenn hjá fyrirtækjum Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstað, ríki og fleirum. Örar skipulagsbreytingar hjá Reykjavíkurborg gerðu það að verkum að erfitt var að skilgreina stjórnunareiningar hjá borginni. Í sumum tilfellum var búið að boða breytingar en þær ekki gengnar í garð og því voru svarendur stundum ekki alveg vissir um hvaða einingu þeir tilheyrðu.

Stofnunum/fyrirtækjum er skipt upp í stærri (með 50 eða fleiri starfsmenn) og minni stofnanir/fyrirtæki (með færri en 50 starfsmenn) og hægt er að bera saman árangur stofnana í hvorum flokki fyrir sig. Þátttakendur eru spurðir út í vinnutengda þætti eins og trúverðugleika stjórnenda, sjálfstæði í starfi, vinnuálag, vinnuskilyrði, álag og kröfur, sveigjanleika í starfi og fleira.

FRAMKVÆMD

Könnun meðal félagsmanna St.Rv. fór fram með svipuðum hætti og hjá SFR og VR. Capacent Gallup sá um framkvæmdina. Hringt var í félagsmenn St.Rv. og þeim boðið að taka þátt í könnuninni, annað hvort með því að fá spurningalistann sendan í pósti eða á Netinu. Ef ekki náðist í félagsmann þá var listinn sendur í tölvupósti ef netfang var til staðar, annars

var listinn sendur í pósti. Könnunin náði til allra félagsmanna St.Rv. sem voru í 50% starfi eða meira og höfðu verið félagsmenn í a.m.k. fjóra mánuði.

Alls voru um 3.000 manns í þýði St.Rv., en af þeim voru um 266 sem fundust ekki, voru veikir, eða áttu ekki að tilheyra þýðinu. Alls voru því ríflega 2.700 manns í þýði. Svör bárust frá 1.172 starfsmönnum, en svör 88 svarenda voru ekki nothæf og því voru svör 1.084 manns notuð við úrvinnslu, sem gerir 40% svarhlutfall. Mikilvægt er að hafa í huga að þetta er svörun úr heildarhópi eða þýði því allir félagsmenn St.Rv., að uppfylltum framangreindum skilyrðum, höfðu möguleika á að taka þátt.

Til þess að stofnun/fyrirtæki væri tekin með í greininguna um „Stofnun ársins – Borg og Bær“ þurfti fjöldi svarenda að ná ákveðnu lágmarki. Krafa var gerð um 35% svarhlutfall frá stofnun. Auk þess var miðað við að lágmarki 4 svarendur hjá minni stofnunum, þ.e. með færri en 50 starfsmenn. Hjá stofnunum með 50 starfsmenn eða fleiri þurftu að lágmarki 10 starfsmenn að hafa sent svör sín til Capacent Gallup. Alls uppfylltu 47 stofnanir þessi skilyrði og byggjast niðurstöður „Stofnun ársins – Borg og Bær“ á svörum 629 starfsmanna þessara stofnana. Félagsmenn St.Rv. vinna gjarnan á vinnustöðum þar sem félagsmenn margra annara stéttarfélaga starfa, það gerir það að verkum að vinnustaðir okkar félagsmanna uppfylltu margir ekki þau skilyrði sem voru gerð í vali á „Stofnun ársins – Borg og Bær“.

Strætó bs. tók þá ánægjulegu ákvörðun að taka þátt í könnuninni fyrir alla sína starfsmenn þá sem eru í St.Rv. og sömuleiðis þá sem eru í öðrum félögum. Því er hér ekki síður tækifæri fyrir stjórnendur að gera sér grein fyrir stöðu starfsmannamála í fyrirtækinu og hvar þeir standa í samanburði við aðra.

TILGANGUR

Tilgangur könnunarinnar „Stofnun ársins – Borg og Bær“ er hvatning til stjórnenda að gera vel í starfsmannamálum og er von okkar að þessi könnun meðal starfsmanna nýtist sem best.

Ljóst er að hjá töluverðum hluta stofnana og fyrirtækja hefur álag aukist verulega vegna niðurskurðar og sameininga sem ekkert lát virðist vera á. Slíkar aðstæður gera miklar kröfur til allra aðila sem tengjast málinu: Kjörinna fulltrúa í borgar- og bæjarstjórn, stjórnenda og starfsmanna. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður er það réttmæt krafa að allir aðilar búi starfsmönnum sínum jákvætt og styðjandi starfsumhverfi. Mikilvægt er að allar ákvarðanir séu teknar af yfirvegum og byggðar á vandaðri stjórnsýslu, því aldrei reynir meira á hæfni stjórnenda en á erfiðum tímum. Mælingar á frammistöðu stofnana á þessu sviði eru ekki bara sjálfsagðar heldur nauðsynlegar. Með þessu móti fá starfsmenn og stjórnendur kærkomnar upplýsingar til að meta frammistöðu sinnar stofnunar. Niðurstöðurnar geta starfsmenn notað til að meta eigin vinnustað í samanburði við aðrar stofnanir og fyrirtæki, bæði á opinberum og almennum vinnumarkaði. En eins og áður er getið eru þessar upplýsingar ekki síður dýrmætar fyrir stjórnendur, hvort sem um er að ræða staðfestingu á því sem vel er gert í starfsmannamálum eða hvatning til að gera betur.

ÁTTA ÞÆTTIR MÆLDIR

Átta þættir voru mældir: Trúverðugleiki stjórnenda, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar og ánægja og stolt. Þættirnir átta eru samsettir úr þeim spurningum sem falla undir hvern þátt. Hverri spurningu er hægt að svara á fimm punkta kvarða (1-5) þar sem hærri endi kvarðans gefur til kynna ánægju með það sem spurt er um en lægri endinn gefur til kynna óánægju.

Valið á Stofnun ársins Borg og Bær 2012 byggist á heildareinkunn sem er samsett úr framangreindum átta þáttum. Í samsetningu heildareinkunnar er vægi þáttanna átta ólíkt og er vægi þáttarins „trúverðugleiki stjórnenda“ mest í heildareinkunn (28%), en minnst er vægi sveigjanleika vinnu, ímyndar og sjálfstæðis í starfi (9%).

STOFNUN ÁRSINS – BORG OG BÆR

Eins og áður sagði komust 47 stofnanir á lista. Meðaleinkunn þeirra er 3,78. Átta þættir voru mældir og af þáttunum átta fékkst hæsta einkunn á þættinum „Sjálfstæði í starfi“ (4,14) en lægst einkunn

fékkst á þættinum „Launakjör“ (2,24). Þátturinn „Starfsandi“ fékk næst hæstu einkunn eða 4,07 en þar á eftir „Sveigjanleiki vinnu“ með einkunnina 4,06. Lítið eitt lægri einkunnir mældust á þáttunum „Ánægja og stolt“ (3,95), „Ímynd stofnunar“ (3,81), „Trúverðugleiki stjórnenda“ (3,76) og „Vinnuskilyrði“ (3,57). Einkunnir þáttanna má annars sjá í töflu 1. Fyrirtækjum/stofnunum er skipt eftir fjölda starfsmanna í tvo hópa. Stærð vinnustaða er almennt talin mikilvægur áhrifa þáttur á líðan og viðhorf starfsfólks vegna þess að með aukinni stærð vinnustaða verður samhæfing ólíkra þátta í starfseminni flóknari. Einnig nýta stærri vinnustaðir alla jafna formlegri stjórnun og skipulag en minni vinnustaðir sem hefur margvísleg áhrif á samskipti og stjórn fólks á

TAFLA 1: EINKUNN Á ÁTTA ÞÁTTUM FYRIR STOFNANIR Á LISTA – 2012

	2012
Stofnun Ársins-heildareinkunn	3,78
Sjálfstæði í starfi	4,14
Starfsandi	4,07
Sveigjanleiki vinnu	4,06
Ánægja og stolt	3,95
Ímynd	3,81
Trúverðugleiki stjórnenda	3,76
Vinnuskilyrði	3,57
Launakjör	2,24

(50 starfsmenn eða fleiri) fékk Grundaskóli hæstu einkunn, eða 4,34, en í öðru sæti voru Faxaflóahafnir með einkunnina 4,21.


	Minni stofnanir	Stærri stofnanir
Heildar einkunn	3,79	3,77
Trúverðugleiki stjórnenda	3,77	3,75
Starfsandi	4,08	4,05
Launakjör	2,20	2,31
Vinnuskilyrði	3,60	3,52
Sveigjanleiki vinnu	4,05	4,07
Sjálfstæði í starfi	4,16	4,12
Ímynd stofnunar	3,87	3,72
Ánægja og stolt	3,93	3,98


Tafla 2: Einkunn á átta þáttum fyrir stofnanir á lista – eftir stærð

aðstæðum. Minni stofnanir eru skilgreindar sem stofnanir með færri starfsmenn en 50, en stærri stofnanir eru skilgreindar sem stofnanir með 50 eða fleiri starfsmenn. Minni stofnanirnar fengu hærri útkomu á flestum þáttum, þó ekki muni miklu á þeim og stærri stofnunum. Mestu munar á ímynd stofnana litlum stofnunum í hag. Þá meta starfsmenn minni stofnana (færri en 50 starfsmenn) vinnuskilyrði sín betri en starfsmenn stærri stofnana (50 starfsmenn eða fleiri). Mat á launakjörum er á hinn bóginn stórum stofnunum í hag. Útkoma á öðrum þáttum er svipuð milli stórra og lítilla stofnana. Í hópi minni stofnana (færri en 50 starfsmenn) fékk Garðasel á Akranesi hæstu heildareinkunn, eða 4,56. Í öðru sæti voru Félagsbústaðir með einkunnina 4,39. Í hópi stærri stofnana

TRÚVERÐUGLEIKI STJÓRNENDA

Matið á trúverðugleika stjórnenda er byggt á tíu spurningum um stjórnendur almennt, næsta yfirmann og hversu vel vinnustaðnum er stjórnað. Hærri stjórnendur eru jákvæðastir starfsstétta en mat almennra starfsmanna er lakast. Starfsfólk Akranesbæjar er jákvæðara en starfsfólk borgarinnar, en af sviðum borgarinnar er einkunn-





Starfsandi


in hæst hjá „Skóla- og frístundasviði“ og „Velferðarsviði“ en lægst er hún hjá „Fasteigna- og eignasviði“ og Umhverfis- og samgöngusviði.“

STARFSANDI

Matið á starfsanda er byggt á þremur spurningum sem lúta að samskiptum og starfsanda. Hærri stjórnendur telja starfsandann betri en þeir sem eru neðar í skipuriti. Elsti hópur starfsmanna (60 ára og eldri) telja starfsandann betri en þeir sem yngri eru. Þegar spurt var eftirfarandi spurningar: „Mér finnst starfsandinn venjulega afslappaður og óþvingaður“, reyndust félagsmenn á Akranesi vera meira sammála fullyrðingunni en samanburðarhópur.

LAUNAKJÖR

Mat á launakjörum er byggt á þremur spurningum um ánægju með laun, sanngirni



Launakjör

launa og samanburði á eigin launum og launum annarra. Ánægja með launakjör er mest meðal þeirra sem starfað hafa

skemmst (tvö ár eða skemur) innan stofnunarinnar, en lakara hjá þeim sem starfað hafa lengur. Þegar skoðuð eru svið borgarinnar er ánægjan mest meðal fyrirtækja borgarinnar en minnst hjá Ráðhúsi borgarinnar. Ein spurning í þættinum varðar ánægju með launakjör. Spurt var „Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með þín launakjör?“ Af svarendahópnum í heild eru 68,4% óánægðir með launin sín.

VINNUSKILYRÐI

Mat á vinnuskilyrðum er byggt á sex spurningum um ánægju með ýmsa þætti í umhverfinu, t.d. lýsingu, loftræstingu, tölvu- og tækjabúnað. Af ólíkum aldurs- hópnum er matið jákvæðast meðal elsta aldurshópsins. Þá er matið jákvæðara meðal hærri stjórnenda og millistjórnenda en sérfræðinga og almennra starfsmanna.

SVEIGJANLEIKI VINNU

Sveigjanleiki vinnu er mældur með fimm spurningum, t.d. hvort fólk geti skroppið frá í vinnutímanum og hvort fólk eigi auðvelt með að samræma vinnu og einkalíf. Sveigjanleiki vinnu er meiri hjá konum en körlum.

SJÁLFASTÆÐI Í STARFI

Þátturinn mælir hversu góð tök fólki finnst það hafa á starfi sínu, yfirsýn yfir starfið og áhrif sem fólk hefur í starfinu. Sjálfstæði í starfi er hæst hjá elsta aldurshópnum (60 ára og eldri) en lægra hjá öðrum aldurs- hópnum.

ÍMYND

Ímynd stofnunar/fyrirtækis er metin með þremur spurningum sem varða mat á afstöðu annarra, umfjöllun og almannarómi

um vinnustaðinn, t.d. „Þegar stofnunin sem ég starfa hjá ber á góma er sú umræða yfirleitt vinsamleg.“ Þeir sem hafa mannaforráð meta ímyndina jákvæðari en þeir sem eru án mannaforráða. Konur telja ímyndina heldur jákvæðari en karlar. Starfsmenn Akranesbæjar eru almennt jákvæðir, en af sviðum borgarinnar telur starfsfólk „Menningar- og ferðamálasviðs“ ímyndina jákvæðasta, en neikvæðast er matið á „Umhverfis- og samgöngusviði.“ Ein spurningin hljóðar svo: „Þegar stofnunin sem ég starfa hjá ber á góma er sú umræða yfirleitt jákvæð.“ Svarkostirnir eru fimm, mjög sammála til mjög ósammála. Eins og sést á myndinni hér að neðan eru 9 af hverjum 10 svarendum á Menningar- og ferðamálasviði sammála fullyrðingunni, 77% starfsmanna Akranesbæjar og 73% svarenda „Íþrótt- og tómstundasviðs.“ Aðeins 13% starfsmanna „Umhverfis og samgöngusviðs“ eru á hinn bóginn sammála henni.

ÁNÆGJA OG STOLT

Þátturinn „Ánægja og stolt“ er settur saman úr fjórum spurningum; ánægju í starfi, líðan í starfi, stolt af starfi og hvort viðkomandi gæti mælt með vinnustaðnum. Hærri stjórnendur eru ánægðastir starfsstétta, en almennir starfsmenn óánægðastir. Elsti starfshópurinn (60 ára og eldri) og yngsti (yngri en 30 ára) eru ánægðastir aldurshópa en aldurshóparnir þar á milli óánægðari.

AÐRAR ÁHUGAVERÐAR NIÐURSTÖÐUR ÁNÆGJAN VEX MEÐ ALDRINUM

Ánægja með marga þætti í starfsumhverfinu vex með aldri svarandans. Þó er sambandið oft á þann veg að þeir sem eru 30 ára eða yngri eru oft ánægðir, en svo dregur heldur úr ánægju, en hún eykst svo aftur hjá þeim sem eru 60 ára og eldri. Jákvæðustu viðhorfin í könnuninni má því finna í yngsta og elsta aldurshópnum.

KARLAR ÁNÆGÐARI MEÐ LAUN, EN KONUR MEÐ SVEIGJANLEIKA

Karlar eru lítið eitt ánægðari með laun en konur. Færri karlar (34%) en konur (40%) segja að þeir séu mjög óánægðir með launakjör. Hinsvegar virðist líttill munur á svörum fólks um launkjör þegar tekið er tillit til menntunar.

Konur eru ánægðari með sveigjanleika en karlar, þó ekki muni þar miklu. Karlar segja oftar að ætlast sé til að þeir vinni yfirvinnu en konur. Þar segja 51% karla að það gerist „oftast eða alltaf“ en 35% kvenna. Konur segjast eiga auðveldara með að samræma vinnu og fjölskyldulíf en karlar gera.


Almennt er þó lítill munur á einkunnum karla og kvenna á þeim átta þáttum sem eru mældir. Karlar eru þó heldur ánægðari með vinnuskilyrði en konur. Á móti kemur að konur eru ánægðari með ímynd stofnunar/ fyrirtækis og þær gefa einnig spurningum sem varða ánægju og stolt hærri einkunn en karlar.

STJÓRNENDUR ÁNÆGÐARI

Eins og í mörgum könnunum af svipuðum toga, sýnir könnun St.Rv. að starfsfólk hærri í skipuriti er oftast ánægðara en aðrir starfsmenn. Könnunin sýnir að „hærri stjórnendur“ eru t.d. ánægðari en þeir sem eru neðar í skipuriti. Hærri stjórnendur gefa einnig hærri einkunn á spurningum sem varða ímynd og starfsanda en starfsmenn neðar í skipuriti.

HVAÐ SVO?

Mikilvægt er að kannanir af þessu tagi séu



Ánægja með laun eftir menntun

framkvæmdar með reglubundnum hætti. Með þeim geta stjórnendur og starfsmenn stuðlað að markvissri þróun mannauðsstjórnunar og gefur þeim

jafnframt kost á að bera saman stöðu mannauðsmála hjá sínum stofnunum og annarra fyrirtækja og stofnana í landinu.

Samanburður á milli hópa



KÖNNUNIN STOFNUN ÁRSINS ER SAM-STARFSVERKEFNI ST.RV., VR OG SFR OG JAFNFRAMT TEKUR RÍKIÐ ÞÁTT Í ÞESSARI KÖNNUN GANGVART ÖLLUM SÍNUM STARFSMÖNNUM HJÁ ÞEIM STOFNUNUM SEM HÚN NÆR TIL ÓHÁÐ STÉTTARFÉLAGSAÐILD.

SAMANBURÐUR Á EINKUNNAGJÖF ST.RV., SFR. OG VR 2011

Það er mjög áhugavert að bera saman niðurstöður fyrir þessa hópa. Þegar einkunnir St.Rv., SFR og VR eru bornar saman má sjá að félagsmenn í VR eru sem fyrr ánægðari með vinnustað sinn á heildina lítið en heildareinkunn VR er hin sama og í fyrra. Einkunn SFR hækkar hins vegar aðeins á milli ára. Þegar einkunnir VR, SFR og St.Rv. eru bornar saman má sjá að ánægja er meiri á öllum þáttum hjá VR og að miklu munar á ánægju með laun VR í hag. Minnst er ánægjan meðal félagsmanna St.Rv. en litlu munar þó á milli SFR/ríki og St.Rv.

SAMANBURÐUR Á EINKUNNAGJÖF EFTIR HEILDARSAMTÖKUM STÉTTARFÉLAGA

Annar og ekki síður áhugaverður samanburður er á milli heildarsamtaka stéttarféлага. En þar sem könnunin stendur nú öllum starfsmönnum ríkisstofnana til boða óháð stéttarfélagi er hægt að bera saman ánægju starfsmanna sundurgreinda eftir bandalögum. Hér eru bornar saman einkunnir á þáttunum átta eftir heildarsamtökum stéttarféлага. Heildareinkunn hækkar á milli ára hjá

öllum bandalögum þar af mest hjá BHM. Ánægja með launakjör eykst á milli ára, mest innan BHM. Athyglisvert er að trúverðugleiki stjórnenda mælist minni meðal BSRB féлага en innan BHM og KÍ og að sveigjan-

leiki mælist minnstur innan KÍ. Félagsmenn í aðildarfélagum KÍ eru almennt ánægðastir með stofnunina sína eins og sjá má í töflunum hér fyrir neðan.

Samanburður á einkunnargjöf SFR, St.Rv. og VR 2011

Þáttur	VR	SFR	St.Rv.
Heildarmeðaltal	4,07	3,78	3,75
Trúverðugleiki stjórnenda	4,01	3,74	3,73
Starfsandi	4,32	4,09	4,03
Launakjör	3,19	2,48	2,28
Vinnuskilyrði	4,02	3,80	3,55
Sveigjanleiki vinnu	4,36	4,21	4,07
Sjálfstæði í starfi	4,31	4,20	4,13
Ímynd fyrirtækis	4,09	3,71	3,67
Ánægja og stolt	4,22	4,04	3,93

Samanburður á einkunnargjöf eftir heildarsamtökum stéttarféлага

Þáttur	BHM	BSRB	KÍ
Heildareinkunn	3,80	3,74	3,81
Trúverðugleiki	3,74	3,69	3,83
Starfsandi	4,18	4,07	4,19
Launakjör	2,62	2,49	2,64
Vinnuskilyrði	3,86	3,74	3,57
Sveigjanleiki vinnu	4,23	4,14	3,65
Sjálfstæði í starfi	4,15	4,16	4,31
Ímynd stofnunar	3,68	3,68	3,92
Ánægja og stolt	4,03	4,00	4,22

Minni stofnanir – 3 efstu:

1. sæti – Leikskólinn Garðasel, Akranesi

Einkunn: 4,56

Fjöldi starfsmanna: 22

Leikskólinn er þriggja deilda og stofnaður árið 1991 og fagnaði því 20 ára afmæli leikskólans 20. september s.l. Árið 2004 fékk skólinn viðurkenningu sem heilsuleikskóli. Árið 2005 setti skólinn fram umhverfisstefnu sem tekur til almennra þátta umhverfisverndar. Leikskólinn leggur áherslu á að vinna eftir þeim markmiðum sem fram eru sett í stefnunni með því að flokka og endurnýta pappír, dósir og annan nýtanlegan efnivið og kenna börnunum að ganga vel um og virða umhverfi sitt og náttúru.

Í Garðaseli eru 74 börn skráð skólaárið 2011-2012 og skiptist barnahópurinn þannig að drengir eru 43 og stúlur 31.

2. sæti – Félagsbústaðir hf.

Einkunn: 4,39

Fjöldi starfsmanna: 23

Félagsbústaðir hf. voru stofnaðir 8. apríl 1997. Fyrirtækið er nær alfarið í eigu borgarsjóðs, en Velferðarsvið Reykjavíkur er skráð fyrir óverulegum hlut. Megintilgangur með stofnun fyrirtækisins var að skilja rekstur félagslegra leiguíbúða Reykjavíkurborgar frá öðrum rekstri borgarinnar og bæta fjármálalega og faglega umsýslu rekstrarins. Jafnframt var ætlunin að byggja upp öflugt þjónustufyrirtæki á húsnæðismarkaði með sérþekkingu á rekstri fasteigna.

Félagsbústaðir eru stærsti aðilinn í rekstri íbúðarhúsnæðis á Íslandi. Af öðrum stórum aðilum í svipuðum rekstri má nefna Búseta, Félagsstofnun stúdenta, Byggingafélag Námsmanna og Öryrkjabandalag Íslands.

3. sæti – Leikskólinn Vallarsel, Akranesi

Einkunn: 4,27

Fjöldi starfsmanna: 34

Leikskólinn er sex deilda og er elsti starfandi leikskólinn á Akranesi, hóf starfsemi 1979.

Tónlist og heimspeki eru aðaláhersluatriði í uppeldisstarfi Vallarsels og hafa verið síðan 2007 þegar skólinn fór af stað með þróunarverkefnið Heimspeki og tónlist.

Skólaárið 2011-2012 eru innritaðir í Vallarsel 137 nemendur, 73 drengir og 64 stúlur

Stærri stofnanir – 3 efstu:

1. sæti - Grundaskóli, Akranesi

Einkunn: 4,34

Fjöldi starfsmanna: 88

Grundaskóli tók formlega til starfa haustið 1981 og er því nýorðinn 30 ára. Allt frá byrjun var áhersla í skólastarfinu á nemandann og gengið út frá því að góð líðan nemandans sé forsenda náms. Mörg þróunarverkefni hafa verið unnin af starfsfólki Grundaskóla. Má þar nefna „Ég vil vera í sama skóla og bræður mínir“ sem er unnið í tengslum við skólagöngu drengs með Downs- heilkenni sem var í almennum bekk í Grundaskóla alla sína grunnskólagöngu.

Í upphafi skólaárs Grundaskóla, 25. ágúst 2011, eru 577 nemendur í 28 bekkjadeildum. Í öllum árgöngum nema tveimur eru þrír bekkir. Grundaskóli hlaut árið 2005 fyrstur skóla Íslensku menntaverðlaunin sem forseti Íslands stofnaði til.

2. sæti - Faxaflóahafnir

Einkunn: 4,21

Fjöldi starfsmanna: 63

Þann 1. janúar 2005 tók nýtt hafnarfyrirtæki, Faxaflóahafnir sf. til starfa. Fyrirtækið á og rekur fjórar hafnir, Reykjavíkurhöfn, Grundartangahöfn, Akraneshöfn og Borgarneshöfn. Faxaflóahafnir sf. er sameignarfélag í eigu fimm sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarbyggðar.

Faxaflóahafnir þjóna lykilhlutverki í efnahagslífi Íslands. Um hafnirnar fer nánast allur fiskur, hráefni til iðnaðar, framleiðsla fyrirtækja og almennar neysluvörur. Þá hefur haftengd ferðaþjónusta vaxið hratt undanfarin ár.

3. sæti - Brekkubæjarskóli, Akranesi

Einkunn: 4,12

Fjöldi starfsmanna: 78

Skólinn er stofnaður 1982 er grunnskólar Akraness urðu tveir – hét áður Barnaskólinn á Akranesi og um tíma Grunnskólinn á Akranesi. Tíu bekkjadeildir eru í Brekkubæjarskóla, tveir bekkir í hverjum árgangi að jafnaði, en þrír í fjölmennustu árgöngunum. Þá rekur skólinn Sérdeild Brekkubæjarskóla sem var formlega stofnuð árið 1986. Tilgangur með stofnun hennar var að gera fötluðum börnum á Akranesi kleift að stunda nám í heimabyggð.

Í Brekkubæjarskóla er rekin öflug og skilvirk umhverfisstefna. Samstarf nemenda og starfsfólks hefur skilað skólanum réttindum til að flagga Grænfánanum, en hann er umhverfismerki sem nýtur virðingar víða í Evrópu sem tákni um árangursríka fræðslu og umhverfisstefnu í skólum.



A.m.k. 75% stofnana eru með lægri einkunn
A.m.k. 25% stofnana eru með hærri einkunn og 50% eru með lægri einkunn
A.m.k. 50% stofnana eru með hærri einkunn og 25% eru með lægri einkunn
A.m.k. 75% stofnana eru með hærri einkunn

Vinnustaðir með 50 starfsmenn eða fleiri

	Heildar-einkunn	Vikmörk	Trúverðugleiki stjórnaða	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Svar-hlutfall
Meðaltal	3,766	+/-0,17	3,75	4,05	2,31	3,52	4,07	4,12	3,72	3,98	
1. Grundaskóli, Akranesi	4,335	+/-0,23	4,50	4,50	2,72	4,22	4,40	4,29	4,47	4,54	50-59%
2. Faxaflóahafnir	4,205	+/-0,21	4,16	4,19	3,30	4,14	4,51	4,32	4,34	4,41	35-49%
3. Brekkubæjarskóli, Akranesi	4,118	+/-0,24	4,20	4,27	2,23	3,64	4,44	4,42	4,10	4,61	50-59%
4. Klettaskóli	4,046	+/-0,31	4,03	4,41	2,41	3,51	4,01	4,53	4,35	4,33	35-49%
5. Frístundamiðstöðin Frostaskjól,	4,040	+/-0,20	4,19	4,61	2,05	3,29	4,15	4,11	4,18	4,41	50-59%
6. Þjónustumiðstöð Vesturbæjar: Vesturgarður	3,961	+/-0,24	3,98	4,42	2,58	3,39	4,03	4,17	3,92	4,40	35-49%
7. Ölduselsskóli	3,893	+/-0,37	4,05	4,03	1,69	3,78	3,78	4,30	4,11	4,13	35-49%
8. Borgarbókasafn Reykjavíkur	3,877	+/-0,11	3,84	4,04	1,87	3,33	4,31	4,08	4,46	4,29	35-49%
9. Skrifstofa Menntasviðs	3,827	+/-0,06	3,92	4,24	2,21	3,52	4,17	4,33	3,32	3,98	80-100%
10. Frístundamiðstöðin Gufunesbær	3,736	+/-0,24	3,69	3,94	2,40	3,18	4,11	4,18	3,79	4,06	50-59%
11. Orkuveita Reykjavíkur	3,726	+/-0,10	3,71	4,01	2,89	3,96	4,20	4,29	2,44	3,98	35-49%
12. Langholtsskóli	3,695	+/-0,26	3,54	4,07	2,67	3,33	4,11	4,08	3,77	3,85	50-59%
13. Framkvæmda- og eignasvið	3,556	+/-0,12	3,37	3,98	2,34	3,87	4,03	3,90	3,21	3,68	70-79%
14. Ráðhús	3,488	+/-0,06	3,19	3,59	2,13	3,65	4,34	4,14	3,48	3,58	80-100%
15. Breiðholtsskóli	3,478	+/-0,12	3,54	4,06	1,93	2,81	3,67	3,66	3,59	3,67	60-69%
16. Strætó bs.	3,471	+/-0,13	3,37	3,67	2,55	3,44	3,64	4,00	3,24	3,64	35-49%
17. Rimaskóli	3,185	+/-0,20	3,03	3,80	1,79	3,32	3,86	3,37	3,20	2,95	60-69%
18. Vættaskóli	3,143	+/-0,31	3,11	3,09	1,80	2,94	3,59	3,96	3,07	3,17	35-49%

Vinnustaðir með færri en 50 starfsmenn

	Heildar-einkunn	Vikmörk	Trúverðugleiki stjórnaða	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálfstæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Svar-hlutfall
Meðaltal	3,788	+/-0,15	3,77	4,08	2,20	3,60	4,05	4,16	3,87	3,93	
1. Leikskólinn Garðasel, Akranesi	4,555	+/-0,06	4,88	5,00	1,83	4,50	4,00	4,50	4,75	5,00	50-59%
2. Félagsbústaðir hf.	4,392	+/-0,20	4,64	4,59	3,30	4,54	4,69	4,53	3,34	4,56	60-69%
3. Leikskólinn Vallarsel, Akranesi	4,269	+/-0,17	4,45	4,33	2,36	3,72	4,41	4,30	4,67	4,68	70-79%
4. Laugalækjarskóli	4,247	+/-0,34	4,45	4,67	2,17	3,54	3,82	4,88	4,33	4,60	60-69%
5. Leikskólinn Sólborg	4,132	+/-0,00	4,25	4,08	2,04	4,06	3,60	4,50	4,75	4,56	80-100%
6. Víkin sjóminjasafn	4,113	+/-0,16	3,92	4,53	2,62	4,03	4,56	4,05	4,67	4,30	70-79%
7. Minjasafn Rvk: Árbæjarsafn/Landnámsskáli	4,016	+/-0,25	3,99	4,21	2,18	3,71	4,29	4,34	4,39	4,29	35-49%
8. Skipulagsstjóri	4,014	+/-0,36	4,25	4,28	2,28	3,81	4,49	4,42	3,33	4,08	35-49%
9. Hitt Húsið	4,009	+/-0,12	3,90	4,24	2,05	4,24	4,29	4,36	4,43	4,07	35-49%
10. Ljósmyndasafn Reykjavíkur	3,978	+/-0,36	3,95	4,33	2,25	3,38	4,60	4,06	4,08	4,44	50-59%
11. Skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs	3,967	+/-0,00	4,07	4,20	2,72	2,97	4,03	4,21	4,47	4,21	80-100%
12. Frístundamiðstöðin Askja	3,962	+/-0,19	3,96	4,73	2,40	3,37	4,18	3,85	3,93	4,40	80-100%
13. Grandaskóli	3,956	+/-0,68	4,20	4,00	1,92	3,79	4,20	4,31	4,00	3,96	50-59%
14. Þjónustuver Höfðatorgi	3,916	+/-0,19	4,19	4,29	2,16	3,89	4,30	4,02	3,29	3,93	35-49%
15. Árbæjarlaug	3,826	+/-0,16	3,71	4,03	2,34	3,64	4,16	4,14	4,08	4,10	50-59%
16. Leikskólinn Miðborg	3,778	+/-0,66	3,93	3,33	2,36	3,21	4,57	4,69	4,17	3,38	50-59%
17. Menningarmiðstöð við Gerðuberg	3,751	+/-0,00	3,66	4,08	1,65	3,21	3,55	4,34	4,50	4,16	80-100%
18. Skrifstofa Íþróttá- og tómstundasviðs	3,720	+/-0,43	3,90	3,96	2,69	3,20	4,21	3,78	3,81	3,47	35-49%
19. Leiskólinn Teigasel, Akranesi	3,664	+/-0,00	3,83	3,67	2,44	3,88	3,22	4,29	3,81	3,40	80-100%
20. Vesturbæjarlaug	3,648	+/-0,44	3,67	4,11	2,92	3,26	3,69	3,87	4,01	3,29	35-49%
21. Grafarvogslaug	3,634	+/-0,17	3,27	4,10	2,22	3,52	4,36	4,07	3,90	3,82	35-49%
22. Upplýsingatæknimiðstöð	3,510	+/-0,15	3,46	4,02	1,40	3,72	4,05	4,11	3,22	3,43	50-59%
23. Aðalskrifstofa Akranesbæjar	3,407	+/-0,19	3,26	3,77	2,43	3,63	3,53	3,85	3,20	3,47	60-69%
24. Höfuðborgarstofa	3,334	+/-0,68	2,82	4,33	2,27	3,61	3,96	3,25	3,92	3,15	35-49%
25. Barnavernd Reykjavíkur	3,300	+/-0,29	3,41	3,56	2,04	2,98	3,90	3,77	2,34	3,60	50-59%
26. Innheimtustofnun sveitarfélaga	3,294	+/-0,59	2,97	3,67	2,23	3,61	3,97	3,96	2,67	3,54	35-49%
27. Borgarskjalasafn	3,234	+/-0,40	2,58	3,50	1,50	3,71	3,70	4,25	4,00	3,38	60-69%
28. Bílastæðasjóður	3,210	+/-0,28	3,17	3,74	1,50	3,25	4,03	4,21	2,04	3,18	60-69%
29. Listasafn Reykjavíkur	3,006	+/-0,32	2,69	3,00	1,41	2,57	3,12	3,75	4,01	3,42	35-49%

